

Fimmtudaginn 26. febrúar 1998.

Nr. 359/1997.

Matthías Kristinsson

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Opinberir starfsmenn. Biðlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1997 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.469.584 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. apríl 1997 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefnukröfur verði lækkaðar og að málskostnaður verði í því tilviki látinn falla niður.

Fyrir Hæstarétt voru lögð ný gögn, meðal annars vottorð formanns skólanefndar á Borðeyri 18. febrúar 1998, þess efnis, að grunnskólinn þar hefði ekki verið starfræktur skólaárið 1997 til 1998, svo og staðfesting á því, að ráðningarsamningur áfrýjanda vegna skólastjórastarfs hans við Grunnskólann á Tálknafirði hefði verið framlengdur til 31. júlí 1998.

Eftir gögnum málsins verður að leggja til grundvallar, að ekki hafi verið tekin ákvörðun um að leggja niður stöðu áfrýjanda sem skólastjóra við Grunnskólann á Borðeyri, sbr. 14. gr. áður gildandi laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Tímabundnar ákvarðanir um að starfrækja ekki skólann hafa ekki orðið til að svipta áfrýjanda skólastjórastöðunni. Í þessu máli verður ekki leyst úr, hvaða réttarráðði kæmu til álita, ef áfrýjandi kynni að óska eftir að taka að nýju við starfi sínu á Borðeyri.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til röksemda héraðsdóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Matthías Kristinsson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júlí 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. júní sl., er höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 16. september 1996, af Matthíasi Kristinssyni, Barnaskólahúsinu á Tálknafirði, gegn menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins.

Dómkröfur.

Stefnandi gerir eftirfarandi kröfur:

Að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda 1.496.946 kr. með dráttarvöxtum frá 20. apríl 1997 til greiðsludags.

Að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins auk lögmæltis virðisaukaskatts.

Stefndu gera eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega, að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður úr hans hendi samkvæmt mati dómsins.

Til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Málavextir.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann sé með kennarapróf frá Kennaraháskóla Íslands 1972. Hinn 7. maí 1987 hafi þáverandi menntamálaráðherra skipað hann skólastjóra við Grunnskólann á Borðeyri. Grunnskólinn á Borðeyri hafi verið rekinn af ríki og Bæjarhreppi, Strandasýslu.

Í ágúst 1995 hafi stefnandi verið ráðinn tímabundið sem skólastjóri við Grunnskólann á Tálknafirði. Hafi hann verið settur þar skólastjóri um eins árs skeið af menntamálaráðuneyti. Jafnframt hafi honum verið veitt launalaust leyfi frá stöðu hans við Grunnskólann á Borðeyri sama tímabil.

Skólahald á Borðeyri hafi fallið niður skólaárið 1995/1996.

Er stefnandi hugðist hefja undirbúning að endurkomu sinni til Borðeyrar í apríl 1996, hafi hann haft samband við oddvita Bæjarhrepis og formann skólanefndar. Hafi honum þá verið tjáð, að engin kennsla yrði næstu skólaár vegna þess, hversu nemendur væru fáir.

30. apríl 1996 hafi fjármálaráðuneyti verið ritað bréf, þar sem óskað var viðræðna um biðlaun til handa stefnanda. Afrit hafi verið sent menntamálaráðuneyti.

Með bréfi ráðuneytisins, dagsettu 22. maí sama ár, hafi ráðuneytið hafnað viðræðu um biðlaun. Erindið hafi verið framsent menntamálaráðuneyti. Engin svör hafi borist þaðan.

Af hálfu stefnanda hafi bréfi fjármálaráðuneytisins verið svarað með bréfi, dagsettu 31. maí 1996.

Með bréfi, dagsettu 8. júlí 1996, hafi oddviti Bæjarhrepps staðfest, að Grunnskólinn á Borðeyri yrði ekki starfræktur skólaárið 1996/1997. Þar komi fram, að skólanefnd Bæjarhrepps hefði farið þess á leit við hreppsnefnd Bæjarhrepps, að hún óskaði eftir því við Barnaskóla Staðarhrepps, að nemendur á grunnskólaaldri fengju skólavist við skólann veturinn 1996/1997. Muni ástæðan vera rekstrarsparnaður, þar sem fyrirsjáanlegt hafi verið, að nemendur í Grunnskólanum á Borðeyri yrðu mjög fáir.

Stefndu telja málavaxtalýsingu í stefnu um margt ófullkomna. Sama gildi um það, hvernig réttarstöðu stefnanda fyrr og nú sé þar lýst. Stefnandi hafi með bréfi menntamálaráðherra, dagsettu 7. maí 1987, verið skipaður skólastjóri við Grunnskólann á Borðeyri. Hinn 19. júní 1995 hafi stefnandi sótt um stöðu skólastjóra við Grunnskólann á Tálknafirði. Með bréfi menntamálaráðherra, dagsettu 3. ágúst 1995, var orðið við umsókn stefnanda og hann settur skólastjóri við Grunnskólann á Tálknafirði um eins árs skeið, frá og með 1. ágúst 1995 að telja. Jafnframt hafi stefnanda með sama bréfi verið veitt launalaust leyfi frá stöðu skólastjóra við Grunnskólann á Borðeyri þann tíma. Stefnanda hafi því aldrei verið veitt lausn frá þeirri stöðu, sem hann var skipaður í, meðan hann var ríkisstarfsmaður í skilningi laga nr. 38/1954 um rétt og skyldur starfsmanna ríkisins. Staða hans hafi ekki heldur verið lögð niður, hvorki 1. september 1995 né í apríl 1996. Stefnandi hafi lýst yfir því á fundi skólanefndar Grunnskólans á Borðeyri 9. ágúst 1995, að hann væri á förum í ársleyfi, en byggist ekki við að snúa aftur.

Sveitarstjórn hafi tekið ákvörðun um að fella niður skólahald í Grunnskólanum á Borðeyri skólaárið 1995 til 1996 og koma nemendunum fyrir í Grunnskóla Staðarhrepps í Vestur-Húnavatnssýslu.

Stefnandi hafi gert ráðningarsamning við Tálknafjarðarhrepp 24. júlí 1996 þess efnis, að hann tæki við stöðu skólastjóra við Grunnskólann á Tálknafirði til 31. júlí 1997. Um réttarstöðu sína vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga gildi ákvæði laga nr. 66/1995 um grunnskóla, einkum 23. gr. og b-liður 1. mgr. 56. gr. Einnig gildi um réttarstöðu sína ákvæði 36. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda

grunnskóla. Málatilbúnaður stefnanda sé hins vegar óviðkomandi flutningi grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga og lagaskilum í því sambandi. Miðar hann einungis við það, að staða sín hafi verið lögð niður 1. september 1995 „og í síðasta lagi í apríl 1996“, eins og það sé orðað í stefnu.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að hann eigi rétt á biðlaunum, þar sem staða hans sem skipaðs skólastjóra við Grunnskólann á Borðeyri hafi verið lögð niður. Stefnandi eigi ekki lengur kost á að gegna stöðu sinni vegna atvika, sem ekki verði rakin til hans sjálfs. Sé um það vitnað til 14. gr. 1. nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem í gildi voru, er staða hans var lögð niður. Við það er miðað, að staða hans hafi verið lögð niður 1. september 1995, þar sem kennsla fór ekki fram við skólann það skólaár, og í síðasta lagi í apríl 1996, er honum hafi verið tjáð af formanni skólanefndar, að engin kennsla yrði heldur skólaárið 1996/1997.

Stefnanda hafi ekki verið boðin sambærileg staða á vegum ríkisins. Sú staða, sem hann gegni nú, sé í öðru sveitarfélagi, og auk þess sé hann settur til eins árs, en ekki skipaður líkt og við Grunnskólann á Borðeyri. Sú setning hafi runnið út 31. júlí. Sú staðreynd blasi við, að meðan stefnandi sé skipaður í stöðu í skóla, sem ekki sé starfandi, eigi hann hvorki rétt á fastráðningu né skipun á öðrum stað.

Stefnandi sé fatlaður, einfættur með gervifót, en aðstæður allar á Tálknafirði, hvað þetta varði, séu mun erfiðari en á Borðeyri. Nemendafjöldi í Grunnskólanum á Tálknafirði sé á bilinu 70–75 nemendur, en hafi verið 4–5 á Borðeyri. Slíkar stöður séu því á engan hátt sambærilegar, þar eð stöðunni á Tálknafirði fylgi mannráðningar og forráð. Starfsaldur stefnanda hjá ríkinu miðist við árið 1971. Hann eigi því skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 rétt á biðlaunum í tólf mánuði. Auk fastra mánaðarlauna fyrir dagvinnu hafi stefnandi fengið greidda reglulega svokallaða skólastjóraýfirvinnu, tólf yfirvinnustundir á mánuði. Stefnandi hafi tekið laun skv. launaflokki 148, 8. þrepi, skv. kjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra. Mánaðarlaun þess flokks séu nú 109.963 kr. Hver yfirvinnustund sé 1,0384% af mánaðarlaunum, þ. e. 1.141,85 kr. Tólf yfirvinnustundir á mánuði gera 13.702 kr. Desemberuppbót skv. kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra, grein 1.7.1., sé 30% af desemberlaunum í launaflokki 143, 7. þrepi. Laun skv. þessum launaflokki í dag séu 91.207 kr.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfugerð sinni til samræmis við upplýsingar, er koma fram í bréfi á dskj. nr. 14. Endanleg krafa stefnanda sundurliðast þannig:

1. Biðlaun í tólf mánuði	kr.	1.306.744
2. Föst yfirvinna	–	162.830
3. Desemberuppbót	–	27.362
Samtals	kr.	<u>1.496.936</u>

Af hálfu stefnanda er vitnað til laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, einkum 4. gr., 7. tl., og 14. gr. sömu laga. Þá er vitnað til 74. gr. l. nr. 49/1991 um grunnskóla.

Stefndi telur, að þar sem staða stefnanda hafi ekki verið lögð niður, hvorki 1. september 1995 né í apríl 1996, eigi hann ekki rétt á biðlaunum samkvæmt 14. gr. þágildandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954. Þann tíma hafi skipun stefnanda varað, en hann hafi verið í launalausum leyfi vegna setningar í stöðu skólastjóra við Grunnskólann á Tálknafirði. Þótt skólastarfinu á Borðeyri hafi ekki verið haldið uppi um skeið, hafi grunnskólinn þar í sveit ekki verið lagður niður. Þar sem hvort tveggja sé, að skólinn hafi ekki verið lagður niður, og staða sú, sem stefnandi var skipaður til að gegna, hafi ekki heldur verið lögð niður, telji stefndi einsýnt, að réttur til biðlauna á grundvelli 14. gr. laga nr. 38/1954 komi ekki til greina. Þannig liggi ekki fyrir staðfesting menntamálaráðuneytisins á því, að staða stefnanda hafi verið lögð niður. Skipun stefnanda var áfram í gildi, þótt hann væri í launalausum leyfi, og engin breyting á réttarstöðu hans sem ríkisstarfsmanns. Missti hann einkis í af launum sínum eða réttindum. Þegar af þessum ástæðum beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Fyrir liggi, að stefnandi sótti sjálfur um starf skólastjóra við Grunnskólann á Tálknafirði 19. júní 1995. Málatilbúnaður hans virðist á því reistur, að staða hans sem skólastjóra á Borðeyri hafi verið lögð niður, þá er hann fékk starf það, sem hann sótti um á Tálknafirði. Við þessar aðstæður komi biðlaunaréttur augljóslega ekki til greina, sbr. 3. og 5. tölulið 4. gr. laga nr. 38/1954. Um rétt til biðlauna hafi því aðeins verið að ræða, ef staða hefði verið lögð niður í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954. Stefndi gerir enn fremur ráð fyrir því, að staða sú, sem stefnandi sótti sjálfur um á Tálknafirði, hafi verið öldungis sambærileg stöðu þeirri, er hann var skipaður í við Grunnskólann á Borðeyri.

Stefndi mótmælir því, að fötlun stefnanda geti verið ákvarðandi um það, hvort réttur á grundvelli 14. gr. laga nr. 38/1954 hafi stofnast. Enn vísist til þess, að stefnandi sótti sjálfur um stöðu skólastjóra á Tálknafirði.

Dómkröfum stefnanda er mótmælt sem of háum.

Niðurstaða.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, skal starfsmaður, ef staða er lögð niður, jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í tólf mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins lengur en fimmtán ár, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu.

Enginn ágreiningur er um, að stefnandi starfaði lengur en fimmtán ár í þjónustu ríkisins. Ágreiningur er hins vegar um, hvort sú staða, er stefnandi gegndi sem skólastjóri við Grunnskólann á Borðeyri, hafi verið lögð niður eða ekki. Heldur stefnandi því fram, að honum beri biðlaun, þar sem hann eigi þess ekki lengur kost að gegna stöðu sinni vegna atvika, er ekki verði rakin til hans sjálfs.

Ekkert liggur fyrir um það í málinu, að staða sú, er stefnandi gegndi við Grunnskólann á Borðeyri, hafi verið lögð niður eða að skólinn þar hafi verið lagður niður, og samkvæmt framburði Sveins Karlssonar, skólanefndarmanns við skólann, er ekki búið að leggja skólann niður með formlegum hætti, enda þótt kennsla fari ekki fram við skólann, eins og er.

Fyrir liggur, að stefnandi fékk að eigin ósk leyfi frá starfi sínu sem skólastjóri við Grunnskólann á Borðeyri í eitt ár frá 1. ágúst 1995 að telja til þess að gegna skólastjórastörfum við Grunnskólann á Tálknafirði, og er hann enn ráðinn þar sem skólastjóri.

Ný lög um grunnskóla nr. 66/1995 komu til framkvæmda 1. ágúst 1996, en samkvæmt lögnum tóku sveitarfélögin að öllu leyti við rekstri grunnskólanna. Skólastjórnendur og kennarar grunnskóla urðu þar með starfsmenn sveitarfélaga í stað ríkis áður. Á þessum tímamótum hafði stefnandi stöðu hjá ríkinu sem skólastjóri. Honum var af ríkisins hálfu aldrei veitt lausn frá því starfi og staða hans aldrei lögð niður, eins og áður segir. Þá gegnir stefnandi enn sambærilegri stöðu og hann áður gegndi sem skólastjóri við Grunnskólann á Borðeyri.

Samkvæmt framansögðu verður því ekki séð, að skilyrði 14. gr. laga nr. 38/1954 komi til greina, og ber því að hafna kröfu stefnanda um biðlaun.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Matthíasar Kristinssonar.

Málkostnaður fellur niður.